

Fjármálaráðuneyti
Jóna Björk Guðnadóttir
Arnarhvoli
150 Reykjavík



Reykjavík, 6. ágúst 2004.

Efni: Frumvarp til tollalaga.

Verslunarráð þakkar ráðuneytinu fyrir það tækifæri að fá að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps sem verður lagt fram á alþingi öðru sinni nú í haust.

Með frumvarpinu er leitast við að gera vöruskipti milli Íslands og annarra landa sem greiðust en um leið þannig að tolyfirvöld megi sinna eftirlitshlutverki sínu. Sýnist Verslunarráði að efni frumvarpsins sé í samræmi við það markmið að mörgu leyti. Verslunarráð fagnar sérstaklega t.a.m. því að tollumdæmum sé fækkað en þó má velta því fyrir sér af hverju ekki er gengið lengra í þeim efnum. Miðað við þau rök sem fram koma í greinargerð sýnist sem svo að heppilegt gæti verið að gera landið allt að einu tollumdæmi.

Aðrar efnislegar athugasemdir Verslunarráðs eru við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

22.gr., 1. mgr.

Smkv. orðanna hljóðan, og greinargerð, er hér kveðið á um að bindandi álit tollstjóra sé hreinlega ekki bindandi fyrir tollstjóra. Heppilegt væri að taka skýrari afstöðu til þessa.

30. gr. 1. mgr. i.f.

Ákvæði um skyldu tollmiðlara til að afhenda innflytjanda gögn að loknum geymslutíma „eftir því sem við á“ er hér hvort tveggja óskýrt og óheppilegt. Eðlilegra væri að kveða skýrar á um í hvaða tilvikum það er skylt en Verslunarráð telur þó að slík skylda sé óþarflega íþyngjandi gagnvart tollmiðlurum.

70. gr.

Verslunarráð telur óeðlilegt hluti af kostnaði vegna innheimtuaðgerða ríkisins sé lagður á flutningsaðila með þessum hætti.

82. gr.

24 klukkustunda frestur tollstjóra til að afgreiða flutningsbeiðni er of langur að mati Verslunarráðs hvetur til þess að fresturinn verði stytur, ef brýn þörf er á ákvæðinu sem er nýmæli.

119. gr.

Hér er ekki gerður sami fyrirvari og gerður er í 3. mgr. 120. gr. og varðar það þegar innflytjandi lætur tollstjóra í té réttar og fullnægjandi upplýsingar. Rök fyrir þessari aðgreiningu, sem fram koma í greinargerð, eru ekki fullnægjandi að mati Verslunarráðs. Það er alveg ljóst að sex ára afturvirk álagning er afar harkaleg og getur verið ósanngjörn í hæsta máta. Ef ætlunin er að kveða á um svo langan frest væri eðlilegra að veita heimild til þess að styðjast ekki við hann allan, með orðalagi, „...allt að síðustu sex árum...“

Hvað tollamál varðar að öðru leyti vill Verslunarráð nota tækifærið og hvetja ráðuneytið til að leggja nokkra vinnu á komandi misserum við samræmingu á tollflokkum og afnámi vörugjalda. Verslunarráð leggur áherslu á nauðsyn þess að lækka aðflutningsgjöld og fella niður vörugjöld. Aðildarfyrirtæki ráðsins lenda í síauknum mæli í óeðlilegri skattheimtu vegna einkennilegrar tollflokkunar. Verslunarráð mun á næstu mánuðum kynna leiðir til úrbóta í þessum eignum.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.